

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	20.6.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Vinnslustöðin hf.	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Friðbjörnsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Unnið er að nýju starfsleyfi rekstraraðila en undanþága Umhverfis og auðlindaráðuneytisins frá starfsleyfi gildir til 1. júlí 2014. Rekstraraðili vinnur starfar nú skv. tillögu að starfsleyfi þar til endanlegt starfsleyfi verður gefið út.

Í eftirlitinu komu fram tvö frávik frá starfsleyfi vegna frárennismælinga og lekavarnarþróar en auk þess gerð athugasemd við að hurðir voru víðsvegar ekki lokaðar í verksmiðjunni.

Almennt var snyrtilegt um að lítast í verksmiðjunni og á verksmiðjulóðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á eftirlitsfundi og svo farið í skoðunarferð um verksmiðjuna.

Rætt var um starfsleyfi í vinnslu og gagnaskil sem rekstraraðili þarf að standa skil á vegna þess.

Ábyrgðartrygging skv grein 4.6 í tillögu að starfsleyfi var afhent í eftirlitinu.

Í eftirlitinu kom einnig fram að viðbragðsáætlun skv grein 4.4 í tillögu að starfsleyfi er í vinnslu hjá rekstraraðila.

Þá var rætt um frárennsli og mælingar úr því. Niðurstöður mælinganna á að senda eftirlitsaðila fyrir 1.maí ár hvert en voru afhentar í eftirlitinu. Síðustu mælingar gerðar í apríl. Rekstraraðili vinnur að endurbótum á hreinsistöð frárennslis og er það verkefni áætlað til næstu tveggja ára. Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd við ófullnægjandi mælingar á frárennslinu en nú er rétt að þeim staðið.

Farið var yfir gagnaskil skv. tillögu að starfsleyfi.

Hreinlætisáætlun skv. 2.23 er í gæðahandbók fyrirtækisins. Þar er tekið á þrifum verksmiðjugólfs, tækja og fl. til í verksmiðjunni.

TVN mælingum skal skila til eftirlitsaðila og verða birtar á vefsetri Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðili óskar eftir að TVN mælingum sé skilað í lok hverrar vertíðar.

Aðrar mælingar sem framkvæma skal fyrir árslok 2015 eru mælingar á ryki frá olíubrennurum, mælingar á útblásturshraða og hávaðamælingar. Rekstraraðili skal auk þess setja sér umhverfismarkmið fyrir 1.júní 2015 og ljúka heildarúttekt á frárennsli fyrir 1.maí 2016.

Rekstraraðili stefnir á að innleiða rafmagnskatla í stað olíukatla á komandi árum, en það veltur á að þeir fái nægilegt rafmagn. Í dag er verksmiðjunni heimilt að keyra á tveimur olíukötum en sá þriðji er innsiglaður. Rekstraraðili er í samstarfi við hitaveitu Vestmannaeyja með því að hita bakrásarvatn með glatvarmatæki sem leitt er í bæjarveiturnar. Sýndar voru kvittanir sem sýna að notuð er 380 olía á olíukatlana.

Þá var rætt um skráningar skv grein 3.1 í tillögu að starfsleyfi

Viðhaldsskráningar eru skráðar í excelskjöl fyrir hvert og eitt tæki en auk þess heldur yfirmaður (verkstjóri) um viðhaldsskráningar í skráningarkerfi hjá sér.

TVN Skráningar. Rekstraraðili hefur sent TVN skráningar til eftirlitsaðila og eru þær undir starfsleyfismörkum.

Tæming fitugildra. Bæjarstafsmenn hreinsuðu fitugildirun en kvittun liggja ekki fyrir.

Úrgangur frá verksmiðjunni eru fyrst og fremst mjölpokar sem fara til gámapjónustunnar og þaðan í endurvinnslu erlendis en margnota poka þrifa þeir sjálfir. Ekki eru notuð efni í kæliturna verksmiðjunnar.

Önnur efni sem notuð eru í verksmiðjunni eru rotvarnarefni og eru skráningar þess teknar saman í grænu bókhaldi.

Sýra og sóði sem notuð eru við þrif á tækjum er þynnt út og leidd út til sjávar.

Farið var yfir skráningar á þrifum og er vel haldið utan um þær.

Ekki hafa borist neinar kvartanir eða ábendingar um lyktar eða hávaðamengun frá verksmiðjunni frá síðasta eftirliti. Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila um upphaf hverrar vertíðar.

Grænu bókhaldi var skilað til Umhverfisstofnunar 29.apríl sl.

Í skoðunarferðinni var farið um verksmiðjuna og að lýsisþróun. Almennt var snyrtilegt um að lítast og vel staðið að þrifum.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 2.21

Lekavarnarþróun í kringum lýsistanka uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis. Frágangi á steypu undirlagi í þróunum er ekki lokið og því lekavarnarþróin ófullnægjandi. Auk þess eru úrgangur geymdur í þróunum en mikilvægt er að þær séu tómar og þéttar.

Grein 2.17

Magn uppleystra efna (COD) og svifefna mælast yfir starfsleyfismörkum í frárennslismælingum sem framkvæmdar voru í maí 2014.

ATHUGASEMDIR

Í skoðunarferðinni kom fram að hurðar voru víða opnar en þeim ber að halda lokuðum til að koma í veg fyrir lyktarmengun utan við verksmiðjuna.

ANNAÐ

Rætt var um heildarúttekt á frárennsli skv grein 5.2 í starfsleyfi. Minnt var á að mælingar skal gera á öllum tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni. og gera bæði grein fyrir vetrar og sumarvinnslu. Á grundvelli mælinganna skal meta heildarlosun lífrænna efna frá verksmiðjunni þannig að áhrif á umhverfið og hugsanlegt verðmætatap liggja fyrir.

Niðurstöðum úttektarinnar skal skila fyrir 1.maí 2016.

Rekstraraðili þarf að standa skil á eftirfarandi gögnum áður en nýtt starfsleyfi verður gefið út:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar skv grein 1.5 í tillögu að starfsleyfi. Í eftirlitinu kom fram að verklagsreglur um þrif í verksmiðjunni eru í gæðahandbók þar sem að fjallað er um þrif sem þarf að standa skil á á meðan starfsemi í gangi og eins að lokinni hverri vertíð (tímabundin stöðvun). Eftirlitsaðili hefur nú sent rekstraraðila nánari leiðbeiningar um hvað skuli koma fram í áætlun að rekstrarstöðvun.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar skv grein 4.4. sem skal byggja á áhættumati sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka 1.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reykjavík, 07.08.2014

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.